

## LÖG

### um breytingu á lögum um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, nr. 152/2009, með síðari breytingum (gildistími o.fl.).

#### HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

#### 1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Fyrirtæki sem eiga í fjárhagsvanda falla utan gildissviðs laga þessara. Sama gildir um fyrirtæki sem íslenska ríkið á útistandandi endurgreiðslukröfu á vegna ólögætrar ríkis- aðstoðar.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „sem heyrir undir ráðherra“ í 4. tölul. kemur: starfrækt samkvæmt lögum um opinberan stuðning við vísindarannsóknir.
- b. 6. tölul. orðast svo: *Rannsóknir og þróun*: Afmarkað og markvisst verkefni sem er ætlað að afla nýrrar þekkingar eða nýrrar færni sem telst vera til framdráttar fyrir fyrirtækið vegna þróunar nýrrar eða betri vöru, þjónustu eða framleiðsluaðferðar.
- c. 10. tölul. fellur brott.

#### 3. gr.

Í stað orðanna „1. september“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: 1. október.

#### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Ráðherra er fer með fjárreiður ríkisins“ í 2. másl. 1. mgr. og sömu orða í 5. mgr. 10. gr. laganna kemur: Ráðherra.
- b. Við 3. mgr. bætist nýr máslíður, svohljóðandi: Ríkisskattstjóra er heimilt að veita Rannís upplýsingar um niðurstöðu skattfrádráttar hjá einstökum fyrirtækjum.

#### 5. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um hugtökin rannsóknir, þróun, tengdir aðilar og styrkhæfur kostnaður. Þá skal hann í reglugerð mæla nánar fyrir um gildissvið laga þessara skv. 2. gr.

6. gr.

Í stað ártalsins „2014“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: 2019.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2015 og gilda um umsóknir sem berast eftir þann tíma.

*Gjört í Reykjavík, 22. desember 2014.*

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Einar K. Guðfinnsson. Markús Sigurbjörnsson.**  
(L. S.)

---

*Bjarni Benediktsson.*